

Nd.

297. Nefndarálit

[10. mál]

um frv. til l. um Handritastofnun Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið um það umsögn Félags íslenzkra fræða. Frv. felur í sér smávægilegar breytingar á nýlegum lögum, enda ekki ástæða til að endurskoða meginatriði, fyrr en frekari reynsla er fengin.

Bent hefur verið á, að misskilja megi 1. mgr. 4. gr. frv. Nefndin telur ótvírætt, að hver sem skipaður er forstöðumaður stofnunarinnar verði jafnframt prófessor við Háskóla Íslands, en þurfi að sjálfsögðu ekki að hafa verið það áður.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með einni

BREYTINGU:

Þriðja mgr. 4. gr. orðist svo:

Auk þess starfi við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir séu til náms og starfa um skamman tíma í senn. Heimilt er og að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og skrifstofustarfa.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja frekari brtt.

Alþingi, 26. febr. 1969.

Benedikt Gröndal,
form., frsm.

Bjartmar Guðmundsson,
fundaskr.

Gunnar Gíslason.

Sigurvin Einarsson.

Birgir Kjara.

Magnús Kjartansson.